



Kópavogur, 20. nóvember 2025.

Umsögn á starfsáætlun leikskóla Kópavogs

Leikskóli: Efstihjalli

Ágæti leikskólastjóri

Starfsáætlun uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar

Allar starfsáætlanir leikskóla ásamt umsögn foreldraráðs eru lagðar fyrir leikskólanefnd til staðfestingar. **Starfsáætlun leikskólans Efstahjalla uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar og hefur verið samþykkt af leikskólanefnd með fyrirvara um umsögn foreldraráðs.**

Ef óskað er eftir nánari umræðu/leiðbeiningu um einstaka þætti í starfsáætlun er velkomið að hafa samband við deildarstjóra/leikskólaráðgjafa.

Sigrún Hulda Jónsdóttir, deildarstjóri Leikskóladeildar Menntasviðs

Meðfylgjandi er nánara leiðsagnarmat um starfsáætlun leikskólans.



Viðmið um mat á gæðum

Leikskóladeild hefur eftirlit með gæðum leikskólastarfs í Kópavogi. Við yfirlestur starfsáætlana eru notuð viðmið um mat á gæðum í leikskólastarfi sem gefið var út af Reykjavíkurborg 2014¹.

Einnig er nýttur kvarði sem þróaður var í tengslum við viðmiðagerðina og er hann eftirfarandi:

Dökkgrænn:	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Sumir þættir eru öðrum til eftirbreytni.
Ljósgrænn:	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, styrkleikar fleiri en tækifæri til umbóta.
Gulur:	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Tækifæri til umbóta fleiri en styrkleikar.
Appelsínugulur:	Margir mikilvægir þættir uppfylla ekki viðmið um gæðastarf.

Niðurstaða: **Dökkgrænn**, **Ljósgrænn**, **Gulur**, **Appelsínugulur**.

¹ [Viðmið um gæðastarf í leikskólum | Reykjavíkurborg \(reykjavik.is\)](http://reykjavik.is)



Leikskóli: Efstihjalli
Dagsetning yfirferðar: 17. nóvember 2025.

Starfsáætlun	Dökkgrænn,Ljósgrænn, Gulur, Appelsínugulur	Athugasemdir
Inngangur		Góð umfjöllun stjórnenda kemur fram í inngangi þar sem tilgreinar eru áherslur og áskoranir í leikskólastarfinu en þar vegur orðið breyting stóran sess en breytingar var gerð á skipulagi deild, frjálsa leiknum var gefið meira rými í takt við nýjar áherslur í aðalnámskrá og leikumhverfi barna var bætt verulega og var rík áhersla lögð á hljóðvist
Skólastarfið/Leiðarljós		Leiðarljós Efstahjalla eru: Fjölmennig, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og sköpun. Áhersla er lögð á að helsta námsleið barnanna sé leikurinn
Innra mat leikskólans 2024-2025		Á liðnu skólaári var frjálsa leiknum gefið meira vægi í dagskipulagi skólans. Því var símat í gangi reglulega yfir skólaárið með tilheyrandi endurbótum í kjölfarið
Ytra mat leikskólans 2024-2025		Skólapúlsinn framkvæmdi viðhorfsskönnun á meðal starfsfólks á vormánuðum. Þar kom meðal annars fram að marktæk aukning er á ánægju starfsfólks með starfsaðstöðu skólans. Viðhorfsskönnun á meðal foreldra var framkvæmd á vormánuðum á vegum Skólapúlsins. Ánægjulegt er að sjá að þátturinn „ánægja með leikskólann“ hefur aukist á meðal foreldra frá árinu 2023
Umbótaáætlun leikskólans		Metnaðarfull umbótaáætlun fylgir
Áherslur í starfi leikskólans		Áherslur næsta starfsárs • Unnið verður að því á skólaskólaárinu að verða Réttindaskóli UNICEF. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verður samtvinnuð inn í þá vinnu • Í tengslum við verkefnið „Okkar skóli“ óskuðu börnin eftir því 2024 að útbúið yrði „kósý“ horn og keypt leikföng fyrir hlutverkaleik. Kosning á eftir að vera á



		Þessu ári hvað börnin vilja verja fjármunum í sem þau fengu á þessu ári • Áframhaldandi þróun á læsisstefnu skólans verður í höndum verkefnastjóra málörvunar í samráði við deildarstjóra og starfsfólk deilda • Viðmið um málstefnu hefur verið mynduð í skólanum og er innleiðing vel á veg komin • Með tilkomu nýrra áhersla í aðalnámskrá var frjálsa leiknum skapað meira rými í dagskipulagi skólans • Endurskoðun skólanámskrár er vel á veg komin og er áætlað að hún verði gefin út á núverandi skólaári • Hæfnirammur í íslensku er nýttur fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn • Farsældarlögin hafa verið kynnt fyrir starfsfólki og foreldrum • Lausnar-teymi er starfandi við skólann og fundar það reglulega til að leita leiða að lausnum mála
Þróunar- og nýbreytnistarf		Á skólaárinu verður lögð áhersla á að halda áfram þróun á leiðum í málörvun í leik og starfi með börnum með fjölbreyttan bakgrunn. Áframhald verður á þróun starfshátta Litahellis (teymi sem sinnir sérkennslu)
Foreldrasamstarf		Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við skólann. Ekki er tilgreint hvernig kosning fer fram né hvernig foreldrar eru upplýstir hverjir sitja í ráðinu og nefndinni
Starfsfólk		Greinagóð samantekt er á samsetningu starfsmannahópsins ásamt stöðugildum á skólaárinu. Fram kemur í starfsáætlun að breytingar hafi orðið í starfsmannahópnum sem er oft fylgifiskur breytinga í stjórnendateymi leikskóla
Símenntunaráætlun		Símenntunaráætlun fylgir
Skipulagsdagar		Skilgreint er hvenær skipulagsdagar verða teknir á skólaárinu ásamt viðfangsefni hvers dags fyrir sig
Aðrar upplýsingar		Fram kemur hve mörg börn eru í skólanum þetta skólaár ásamt því hve mörg þeirra eru með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.



		Áhugavert væri að sjá hver aldursdreifing er í skólanum en meðaldvalartími barna á dag er 7.06 klst. Einnig væri áhugavert að sjá fjölda sérkennslutíma í skólanum
Húsnæði og lóð		Tilgreint er hvaða viðhald fór fram í skólanum á liðnu skólaári ásamt ósk um viðhald á núverandi skólaári
Öryggismál		Í skólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Á liðnu skólaári eru skráð tvö slys í Atvik, annað var á leikskólalóðinni en hitt á bílplani skólans
Lokaorð		Í lokaorðum kemur fram að stjórnendur telja að mikil gleði, samvinna, metnaður og fagmennska ríki meðal starfsfólks sem er nú við störf í skólanum
Fylgigögn		➤ Umbótaáætlun ➤ Símenntunaráætlun ➤ Leikskóladagatal
Umsögn foreldraráðs		Umsögn vantar